



EducationUSA Academy

Tækifæri til að kynnst háskólanámi og bæta enskukunnáttu
á styrk frá Fulbright stofnuninni

EducationUSA Academy gefur námsmönnum á aldrinum 16-17 ára tækifæri til að kynnst bandarísku háskólaumhverfi og menningu og bæta enskukunnáttu sína. Námskeiðin veita góðan undirbúning fyrir þá sem hyggja á háskólanám í Bandaríkjunum síðar meir. Sumarið 2024 bjóða fimm bandarískir háskólar upp á staðnámskeið. Um er að ræða sumarnámskeið sem stendur yfir í u.þ.b. 2-4 vikur á tímabilinu júní til ágúst, en lengd og tímasetning er mismunandi eftir því við hvaða skóla þátttakendur dvelja.

Fulbright stofnunin/EducationUSA ráðgjafarmiðstöðin, með fjárveitingu frá sendiráði Bandaríkjanna, veitir íslenskum námsmönnum fullan styrk til þátttöku í EducationUSA Academy sumarið 2024. Ferðir og þátttökugjöld verða greidd fyrir valda þátttakendur, og eru uppihald og tryggingar inni í því.

Sótt er um styrkinn hjá Fulbright stofnuninni og nálgast má **nánari upplýsingar, gögn og umsóknareyðublöð [hér](#).**

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2024.

Almenn skilyrði sem íslenskir umsækjendur þurfa að uppfylla:

- vera í framhaldsskólanámi eða á síðasta ári í grunnskóla
- vera á aldrinum 16-17 ára þegar námskeiðið fer fram
- vera góður námsmaður og félagslega virkur
- hafa lokið enskunámi í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og ef við á, stundað enskunám á framhaldsskólastigi
- hafa íslenskan ríkisborgararétt
- umsækjendur mega ekki hafa bandarískt ríkisfang eða vera búsettir í Bandaríkjunum
- vera þroskaðir og ábyrgir einstaklingar sem skuldbinda sig til virkrar þátttöku í námskeiðinu

Gert er ráð fyrir því að styrkþegarnir séu „góðir fulltrúar lands og þjóðar“ sem munu, á meðan á námsdvöl stendur, kynna eigin menningu á jákvæðan hátt í Bandaríkjunum. **Þátttakendur skuldbinda sig til að taka þátt í öllu námskeiðinu og lúta reglum gestgjafans á meðan á dvölinni stendur.** Fulbright stofnunin mun skipuleggja ferðir þátttakenda og er gert ráð fyrir að þeir fari beint á námskeiðið við komu til Bandaríkjanna og svo beint til Íslands að námskeiðinu loknu. Tekið verður á móti þátttakendum á flugvelli og verða umsjónarmenn ávallt til staðar í gegnum námskeiðið.

Á þessu stigi skulu umsækjendur kynna sér þá háskóla sem í boði eru og velja tvo sem þeim líst best á, en ekki skal sækja beint um háskóla á þessu stigi. Þegar þátttakendur hafa verið valdir mun Fulbright stofnunin aðstoða valda umsækjendur við gerð lokaumsóknar og lokaval á skóla (en sá skóli sem er að lokum valinn getur verið annar en valinn var í umsókn til Fulbright). Þess skal getið að námskeið, inntökuskilyrði og umsóknarferli eru mismunandi eftir skólum og þurfa umsækjendur að kynna sér þau vel áður en skólar eru valdir. Sjá frekari upplýsingar um EducationUSA Academy <https://www.edusaacademy.org/>

Senda skal útfyllta umsókn og námsferilsyfirlit til Fulbright stofnunarinnar eigi síðar en 8. febrúar 2024. Jafnframt skal umsækjandi tryggja að **meðmælandi skili umsögn beint til Fulbright stofnunarinnar eigi síðar en 8. febrúar.** Athugið að meðmæli verða að koma beint frá meðmælanda til Fulbright. **Ekki** er tekið við meðmælum sem koma í gegnum umsækjanda.

Hér á eftir má finna stutta umsögn frá tveimur íslenskum þátttakendum 2023:

„EducationUSA var upplifun sem ég mun aldrei gleyma. Þetta var frábær og lærdómsrík reynsla sem kynnti mér fyrir þeim fjölmörgu tækifærum sem í boði eru í bandarískum háskólum. Ég er virkilega þakklát Fulbright stofnuninni fyrir að hafa gefið mér þetta tækifæri á að vera fulltrúi Íslands í Bandaríkjunum og að víkka sjóndeildarhringinn.“

„Við vorum samtals níu krakkar og vorum við orðin bestu vinir í lok dvalarinnar. Það er án efa að þessi skóli hafi gefið mér smakk af því sem liggur handan við hornið. Við vorum ekki bara að læra allan daginn heldur gerðum við líka allskonar skemmtilegt til þess að kynnast bandarískri menningu. Þetta var æðisleg lífsreynsla og eignaðist ég lífstíðarvini.“

Hér fyrir neðan má finna frekari upplýsingar á ensku:

The Academy is a short-term academic enrichment program for 16- to 17-year-old foreign nationals who are intermediate, advanced, or native English speakers. In-person Academy sessions are intensive campus-based programs that provide participants the experience of living on a U.S. campus and exploring the U.S. higher education landscape and options. This opportunity is announced pending availability of funds.

The following U.S. campuses plan to host in-person EducationUSA Academy sessions in 2024:

- Embry-Riddle Aeronautical University (FL), 15-29 June
- University of Wisconsin-Madison (WI), 29 June-20 July
- Boston University (MA), 1-19 July
- Diablo Valley College (CA), 6-20 July
- Temple University (PA), 13 July-3 August

EducationUSA Academy exposes international students to life on a U.S. college campus. In addition to classroom study, students will have opportunities to improve their English skills in an immersive environment, learn how to prepare a successful college application, make connections with peers and teachers, and participate in cultural activities that will give them a taste of American life.

EducationUSA Academy programs held on U.S. campuses offer academic classes that orient students to the U.S. higher education landscape and opportunities, prepare them to research academic and financial aid options, and equip them with skills to be successful at the undergraduate level. Programs also involve cultural activities in the local community and campus visits to nearby institutions. In-person Academy sessions range from two to four weeks in length.